



Þjóðgarðurinn á Þingvöllum

Starfsskýrsla 2013–2016



Efnisyfirlit

Stjórnun	3
Fjárhagur	7
Rekstur	9
Framkvæmdir	13
Öryggismál	21
Fræðsla	23
Alþjóðasamstarf	25
Ýmsir gestir	28

Starfsskýrsla Þingvallanefndar 2013–2016

Útgefandi: Þingvallanefnd

Umsjón, hönnun og umbrot: Athygli

Ljósmyndir: Einar Á. E. Sæmundsen o.fl.

Prentun: Litróf



Mars 2017



Pingvallanefnd 2013–2017

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var stofnaður með lögum árið 1930 og er hlutverk hans að vernda og varðveita menningar- og náttúruminjar Þingvalla og miðla arfleifð þjóðgarðsins til gesta. Þingvallanefnd fer með yfirstjórn þjóðgarðsins en hún er skipuð sjö fulltrúum kosnum af Alþingi. Nefndin hefur heyrt undir forsætisráðuneytið en í janúar 2017 varð breyting þar á og nú heyrir hún undir umhverfis- og auðlindaráðuneytið. Þingvallanefnd ræður þjóðgarðsvörð, sem annast daglegan rekstur og ræður annað starfsfólk.

Á kjörtímabilinu 2013 til 2016 skipuðu þingvallanefnd alþingismennirnir Sigrún Magnúsdóttir formaður nefndarinnar, Birgir Ármannsson varaformaður, Unnur Brá Konráðsdóttir, Haraldur Einarsson, Oddný Harðardóttir, Svandís Svavarsdóttir og Röbert Marshall. Varamenn í Þingvallanefnd voru: Ásmundur Friðriksson, Silja Dögg Gunnarsdóttir, Elín Hirst, Vigdís Hauksdóttir, Valgerður Bjarnadóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Björt Ólafsdóttir. Á skipunartíma nefndarinnar frá því í ágúst 2013 og fram í lok október 2016 hélt hún 29 fundi.





Sigrún Magnúsdóttir.

Ávarp formanns

Þingvellir við Öxará er friðlýstur helgistaður og eign allra Íslendinga undir verndarvæng Alþingis, sem skipar Þingvallanefnd til að fara með umboðið. Í gegnum árhundruðin hafa menn skundað á Þingvöll og treyst margvísleg heit. Lýðræðisleg skipan var ákveðin með stofnun Alþingis árið 930, kristni var lögtekin árið 1000 og sjálfstæði þjóðarinnar staðfest árið 1944.

Þingvallanefndin sem skipuð var 2013 hefur þurft að takast á við margvísleg málefni og margslungin. Miklar breytingar hafa orðið á starfsumhverfinu með mikilli fjölgun ferðamanna, en á þessum fjórum árum hefur fjöldi þeirra rúmlega tvöfaldast eða úr 500–600 þús. í rúmlega 1100 þús. Skipulagning á móttöku ferðamanna mótaði því talsvert störf nefndarinnar á liðnu kjörtímabili. Meginstefið var þó eigi að síður stefnumörkun þjóðgarðsins til framtíðar.

Ánægjulegur fundur þingvallanefndar var haldin í Þingvallabænum í júní 2014 í boði forsætisráðherra með forsætisnefnd Alþingis. Mikill samhljómur var meðal manna á þessum fundi varðandi framtíðarsýn um uppbyggingu þjóðgarðsins. Andinn sem sveif yfir vötnum á fundinum á Þingvöllum hefur verið leiðarljós í starfinu síðan.

Stækkun gestastofu á Hakinu er hafin og vönduð nútímaleg sýning með skírskotun til sögu og náttúru Þingvalla verður sett þar upp og vonandi opnuð 1. júní 2018. Þá er í undirbúningi hönnun veitingahúss á Hakinu suðvestan við gestastofu, en víðsýni er þar mikið og afar kvöldfagurt. Þaðan er einnig fyrirhuguð gerð nýrra gönguleiða, niður í Hestagjá og inn á Valhallarreitinn. Það var því þýðingarmikil ákvörðun að kaupa sumarhús að Valhallarstíg 2 til að liðka m.a. fyrir að þessi afar skemmtilegi göngustígur verði sem best úr garði gerður.

Kaldadalsleið hefur löngum haft mikilvægt hlutverk í tengslum við samgöngur við Þingvelli. Bjarni Thorarensen skáld gerði veginum til góða sem hestaleiðar árið 1830. Hundrað árum síðar var hann gerður akfær og fyrir hátíðina 2030 verður unnið að því að færa aðkomu hans inn í þjóðgarðinn upp á gjábakkann. Þingvallanefnd er sammála um að þjónustumiðstöðin á Leirum verði þá færð sem næst þessum gatnamótum Kaldadalsvegar og Þingvallaleiðar.

Það er með stolti en jafnframt söknuði og þakklæti sem þingvallanefnd og starfsfólk Þingvalla eru kvödd.

Stolti yfir þeim fjölmörgu verkefnum sem nefndin tók til meðferðar. Sviðið er fjölbreytt og margslungið. Fundargerðir sýna að nefndin fjallar jafnt um lífríki Þingvallavatns sem bíla- staðamál, salernismál og gjaldtöku. Viðkvæman gróður þjóðgarðsins, umgengni gesta og göngustíga. Vegagerð, fornleifauppgröft o.s. frv. – Söknuði að kveðja ákaflega ánægjulegan og stórbrotin starfsvettvang og frábært nefndarfólk.

Þakklæti er mér efst í huga fyrir einstakt tækifæri til að starfa með metnaðarfullu starfsfólki Þingvalla á miklum mótunarárum í sögu þjóðgarðsins. Aðalþungi starfsins hvílir sannarlega á starfsmönnunum þjóðgarðsins og þeim óska ég alls hins besta um leið og ég þakka gott og farsælt samstarf. Ólafi Erni Haraldssyni þjóðgarðsverði þakka ég sérstaklega fyrir þingvallarnefndarárin fjögur.

Ég óska nýrri þingvallanefnd alls góðs í krefjandi starfi en mjög gefandi.

Mannauður

Umsvif þjóðgarðsins hafa aukist hratt á undanförunum árum í takt við gríðarmikla fjölgun ferðamanna í landinu. Til að bregðast við þessum mikla vexti hefur ársverkum í þjóðgarðinum fjölgað úr 11,8 árið 2012 í 26,8 í lok árs 2016. Starfsfólk er flest á sumrin og störfuðu 16 landverðir yfir sumartímann 2016 ásamt 16 starfsmönnum í gestastofu á Haki og þjónustu-miðstöð. Unnið er á vöktum.

Ólafur Örn Haraldsson hefur verið þjóðgarðsvörður á Þingvöllum frá árinu 2010. Fastir starfsmenn þjóðgarðsins auk þjóðgarðsvarðar eru: Einar Á. E. Sæmundsen fræðslufulltrúi, Guðjóna Björk Sigurðardóttir rekstrarstjóri, Hildur Hafsteinsdóttir skrifstofu- og fjármála-stjóri, Hrefna V. Jónsdóttir sérfræðingur, Torfi Stefán Jónsson verkefnastjóri, Jóna Kolbrún Sigurjónsdóttir verkefnastjóri ásamt fleirum sem sinna landvörslu og þjónustu í þjóðgarðinum. Starfsemi þjóðgarðsins er skipt í þrjú svið: fræðslu- og framkvæmdasvið, rekstrarsvið og skrifstofusvið.

Stefnumótun

Í kjölfar tilnefningar Þingvalla til heimsminjaskrár Sameinuðu þjóðanna árið 2004 var stefna þjóðgarðsins 2004 til 2024 mótuð og hefur hún verið kjölfesta stjórnunar á Þingvöllum. Á þeim rúmu 12 árum sem liðin eru síðan hafa ýmsar forsendur breyst verulega. Ferðamönnum hefur fjölgað meira en séð var fyrir, þjónusta hefur verið aukin og mörg upphaflegra markmiða hafa þegar náðst.


Í ljósi breyttra forsendna samþykkti Þingvallanefnd að endurskoða stefnumörkunina frá 2004 og hefur sú vinna staðið yfir síðustu misseri. Sjálfsagður útgangspunktur í þeirri endurskoðun er sú ábyrgð sem Þingvallanefnd og starfsfólki þjóðgarðsins er falin við að vernda arfleifð Þingvalla í sögu og náttúru, ekki síst með hliðsjón af auknu álagi. Lögð var áhersla á samráð við hagsmunaaðila og stjórnsýslu og benda niðurstöður eindregið til þess að fullur skilningur sé á nauðsyn markvissari stýringar. Endurskoðun stefnunnar er ekki lokið en þegar hafa mótað hugmyndir um það hvernig stýra megi umferð ört fjölgandi gesta og hvar þjónusta skuli fyrir komið, í samræmi við verndaráherslur. Eðlilega er þinghelgin miðpunktur þeirrar skipulagningar og ráðstafanir miða að því að vernda hana og yfirbragð hennar. Þannig þróast umsvif ferðapjónustunnar á forsendum þjóðgarðsins, en ekki öfugt.

Gera má ráð fyrir að endurskoðuð stefna kveði á um breytt umferðarskipulag og nokkrar takmarkanir, bæði fyrir hópferðabíla, einkabíla og gangandi gesti. Einnig verði þjónusta aukin en þá aðallega utan sigdældarinnar. Þegar niðurstaða þingvallanefndar liggur fyrir verða drög að nýrri stefnu kynnt almenningi og hagsmunaaðilum og kallað eftir athugasemdum.




Um 1200 þúsund gestir á Hakinu 2016

Fjöldi gesta eftir mánuðum



Samkvæmt talningu sem Rannsóknasetur Háskóla Íslands gerðu á fjölda gesta sem lögðu leið sína í þjóðgarðinn á Þingvöllum á síðasta ári kom 1.173.540 ferðamenn að Hakinu á Þingvöllum árið 2016. Þetta eru um 480 þúsund fleiri gestir en árið 2015 þegar tæplega 696 þúsund ferðamenn komu á Hakið. Aukningin er tæp 70%. Flestir lögðu leið sína á Hakið í ágúst mánuði 2016 eða um 162 þúsund sem er rúmlega 50 þúsund fleiri en í sama mánuði 2015 þegar 108 þúsund ferðamenn komu þangað. Fæstir komu hins vegar á Hakið í janúarmánuði 2016 eða liðlega 41 þúsund sem var þó 63% aukning frá sama mánuði 2015 þegar liðlega 25 þúsund gestir lögðu þangað leið sína.

Flestir fara á Hakið



Hér sést hve margir þeirra sem komu til landsins í hverjum mánuði árið 2016 lögðu leið sína á Hakið. Af 1.767.726 ferðamönnum sem komu til landsins samkvæmt tölum Ferðamálaráðs komu 66% þangað. Hæst var þetta hlutfall í maí þegar 80% ferðamanna komu á Hakið en hlutfallslega fæstir komu í janúar þegar 53% allra ferðamanna, sem komu til landsins í gegnum flugstöðina á Keflavíkurflugvelli, fóru til Þingvalla.

*Leifstöð 2016 eru brottfarartölur Ferðamálastofu í Leifstöð



Fjárhagsleg afkoma 2014–2016 mótaðist af því að sértekjur jukust mikið vegna fjölgunar ferðamanna og hafa þær staðið undir vaxandi þjónustu í Þjóðgarðinum. Heildarútgjöld Þjóðgarðsins 2016 eru áætluð um 664,7 m.kr. og aukast um 60% milli ára. Helstu útgjaldaliðir eru launakostnaður sem hækkar vegna fjölgunar starfsmanna við landvörslu og aðra þjónustu í Þjóðgarðinum. Sértekjur hækka um 108% milli 2015 og 2016 og munar þar mest um 70 m.kr. tekjur vegna innheimtu bílastæðagjalda, sem hófst í maí 2016, og bættu innheimtu þjónustugjalda við Silfru sem hækkuðu um 20 m.kr. milli ára. Sala í minjagripaverslun jókst um 76% milli ára sem er í samræmi við fjölgun ferðamanna.

Í árslok 2016 var 253,3 m.kr. afgangur sem skýrist af því að framkvæmdum við stækkun gestastofu á Hakinu hefur seinkað. Framkvæmdir við Hakið hófust í nóvember 2016 og eru verklok áætluð í maí 2018.

Rekstur og afkoma Þjóðgarðsins á Þingvöllum 2014–2016

	2014	2015	2016 **
Sértekjur*	162.347.129	218.593.022	404.564.446
Framkvæmdasjóður ferðamannastaða		108.200.000	48.300.000
Gjöld	-467.348.285	-414.198.689	-664.694.620
Framlag ríkissjóðs	346.878.280	229.300.000	287.100.000
Rekstrarniðurstaða hagnaður/tap	41.877.124	141.894.333	75.269.826
Höfuðstóll f.f. ári	-5.758.389	36.118.735	178.013.068
Árslokastaða	36.118.735	178.013.068	253.282.894

*brúttótekjur - **áætlun

Árið 2013 var 19 m.kr. halli á rekstri þjóðgarðsins. Árið 2014 jukust sértekjur um 26%, um 35% árið 2015 og 2016 jukust þær um 108% frá árinu á undan. Framlag ríkissjóðs til nýframkvæmda á fjárlögum 2015 var flutt milli ára þar sem framkvæmdir við stækkun gestastofu hófust ekki fyrr en í nóvember 2016.

Framkvæmdafé á fjárlögum 2014 – 2016

	2014	2015	2016
	285.000.000	144.200.000	197.800.000

Framkvæmdafé

Á fjárlögum 2014 var framkvæmdafé til nýframkvæmda vegna byggingar þjónustuhúss og til að stækka bílastæði á Haki. Framkvæmdafé fyrir árin 2015 og 2016 var til að stækka gestastofu á Haki en framkvæmdir við verkið hófust ekki fyrr en í nóvember 2016.

Árið 2015 fékkst 156,5 m.kr. sérstök fjárveiting til uppbyggingar innviða úr Framkvæmda-sjóði ferðamannastaða. Sótt var um 98,5 m.kr. í stíga/gróðurvernd/uppbyggingu Gjábakka, 25 m.kr. í bílastæði/gjaldheimtu og stækkun bílastæða, 13 m.kr. í skilti og vegvísa og 20 m.kr. til uppbyggingar við Silfru. Alls voru 108 m.kr. af þessari fjárveitingu nýttar á árinu 2015 en 48 m.kr. fluttar til næsta árs þar sem veðurfar tafði fyrir framkvæmdum. Fjármagnið var fullnýtt vorið 2016.

Helstu útgjaldaliðir

Útgjöld þjóðgarðsins á Þingvöllum námu ríflega 664,7 m.kr. á árinu 2016. Launakostnaður var stærsti einstaki útgjaldaliðurinn eða 204 m.kr. Almennur rekstur, viðhald, nýframkvæmd ásamt uppbyggingu innviða kostaði 351,2 m.kr. árið 2016. Innkaup á bókum og minjagripum til endursölu námu 109,5 m.kr.

Sértekjur


Tekjur þjóðgarðsins námu ríflega 218 m.kr. á árinu 2015 og höfðu aukist um 35% milli ára. Sértekjur ársins 2016 námu um 453 m.kr. og jukust um 108% frá fyrra ári. Mikil hækkun sértekna stafar af fjölgun ferðamanna og betra verklagi við eftirlit og innheimtu þjónustugjalda. Við Silfru er innheimt aðstöðugjald og þar jukust tekjur milli 2015 og 2016 um 20 m.kr., úr 28,7 m.kr. árið 2015 í 49,4 m.kr. árið 2016, eða um 70%. Í maí 2016 hófst innheimta þjónustugjalda á bílastæðum og voru brúttótekjur af þeim á árinu um 70 m.kr. Gjald sem innheimt er fyrir notkun salerna við Hakið skilaði 31,5 m.kr. tekjum árið 2015 en 41,2 m.kr. árið 2016 sem er um 32% aukning.

Nettótekjur af sölu í gestastofu og þjónustumiðstöð námu 44,8 m.kr. árið 2015 en hækk-uðu um 76% á milli ára og voru um 79 m.kr. á árinu 2016.

Þjónustugjöld vegna tjaldstæða námu 14,8 m.kr. árið 2016 og höfðu hækkað um 18% frá fyrra ári og sala veiðileyfa skilaði 7,3 m.kr. árið 2016 sem er 7% hækkun frá árinu 2015.


Lóðarleiga skilaði 16 m.kr. tekjum árið 2016 og hækkaði um 10% milli ára. Aðrar tekjur, þ.m.t. styrkir og endurgreiðslur, námu um 66 m.kr. á árinu 2016.

Útgjöld 2016



- Eignakaup
- Sérfræðikostnaður
- Vörukaup til endursölu
- Mannvirkjagerð/uppbygging innviða
- Rekstrarkostnaður
- Laun og launatengd gjöld

Tekjur 2016



- Lóðarleiga
- Aðrar tekjur
- Þjónustutekjur salerni
- Þjónustutekjur Silfru
- Styrkir
- Þjónustutekjur bílastæði
- Brúttósala gestastofu/þjónustumiðstöð



Rekstur

9

Gestastofa

Starfsemi gestastofu á Haki hefur breyst töluvert síðustu árin. Árið 2011 var byrjað að selja þar einstaka vörur og minjagrip og hefur sá þjónustupáttur aukist talsvert, sérstaklega síðustu fjögur ár og tekið undir sig stærra rými. Fræðslurýmið annar ekki lengur þeim fjölda ferðamanna sem heimsækir staðinn og má sem dæmi nefna að vegna mannfjölda er oft erfiðleikum bundið að taka á móti skólahópum í fræðslurými gestastofu. Það mun breytast þegar ný og stærri gestastofa verður tekin í notkun 2018.

Þjónustumiðstöð

Starfsemi þjónustumiðstöðvarinnar á Leirum hefur jafnan verið tvískipt. Í öðrum hlutanum seldu starfsmenn þjóðgarðsins minjagrip, tjald- og veiðileyfi og veittu upplýsingar. Hinn hluti húsnæðisins var leigður undir veitingasölu. Þessu fyrirkomulagi var breytt um áramótin 2016/2017 þegar allur rekstur þjónustumiðstöðvarinnar var færður undir þjóðgarðinn. Talsverðar breytingar verða gerðar á bæði húsnæði og vöruvali, svæðið opnað, sætum fjölgað og auðveldað aðgengi að greiðasölnunni. Áætlað er að opna á útmánuðum 2017 eftir miklar endurbætur. Áfram verða seld tjald- og veiðileyfi ásamt því að landverðir veita upplýsingar.



Aukin þjónusta

Þjónustutími í þjóðgarðinum hefur að mestu verið óbreyttur síðustu sumur en hann hefur verið breytilegri á veturna. Veturinn 2012/2013 var gestastofan við Hakið opin daglega frá 09:00–16:00 en veturinn 2016/2017 var opið tveimur tímum lengur. Opnunartími gestastofu á sumrin er frá 09:00–18:30. Þá var þjóðgarðshluti þjónustumiðstöðvarinnar opin í fyrsta skipti veturinn 2016. Á sumrin er auglýstur opnunartími þar frá 09:00–20:00 og á veturna frá 09:00–17:00.

Landvarsla

Landverðir sinna fjölbreyttum störfum í þjóðgarðinum, þ. á m. fræðslu, almennri landvörslu, aðstoð við ferðamenn, viðhaldi á innviðum, umferðarstjórnun, fyrstu hjálp og halda þjóðgarðinum snyrtilegum. Stór hluti af fræðslu landvarða fer fram í þjónustumiðstöð og í gestastofu en auk þess eru þeir á áberandi stöðum í þinghelginni þar sem auðvelt er að leita til þeirra og fá upplýsingar eða aðra aðstoð. Landverðir sjá daglega um fræðslugöngur í þinghelginni og er leiðsögnin á ensku. Þeir taka einnig á móti skólahópum að vori og hausti og fræða þá um sögu og náttúru garðsins. Landverðir annast einnig eftirlit og umsjón með tjald- og veiðisvæðum og fylgjast með umgengni og að notendur greiði fyrir afnot af þeirri aðstöðu. Frá árinu 2012 hafa landverðir sinnt daglegri gæslu við Silfru og séð um ítarlega skráningu á fjölda gesta og köfunarfyrirtækja. Þingvallakirkja er á forræði þjóðgarðsins og eru landverðir yfirleitt viðstaddir athafnir í kirkjunni, prestir og gestum til aðstoðar.



Landverðir bregða á leik.

Mynd: Orri P. Arason



Nýjar veiðireglur miða að því að bæta veiðimenningu í þjóðgarðinum.

Veiði og veiðivarsla

Að tillögu þjóðgarðsvarðar samþykkti þingvallanefnd breyttar veiðireglur í Þingvallavatni innan þjóðgarðsins. Frá upphafi veiðitíma 20. apríl og fram til 31. maí er einungis leyft að veiða með flugu og ber að sleppa öllum urriða. Síðustu ár hefur þetta fyrirkomulag náð fram í miðjan júní. Breytingin er gerð í samráði við veiðifélög og veiðimenn og miðar hún að betri veiðimenningu við Þingvallavatn og styrkingu urriðastofnsins. Í samstarfi við veiðimenn og fulltrúa Veiðikortsins hafa sjálfboðaliðar verið fengnir til að aðstoða við veiðivörslu í þjóðgarðinum og er það góð viðbót við vörslu landvarða. Einkum er fylgst með hvort löglegar beitur eru notaðar, hvort veiðileyfi sé fyrir hendi, að fjöldi stanga samsvari útgefnum leyfum og að gengið sé vel um veiðisvæðin.

Snjómokstur og hálkuvörn

Árið 2013 voru afmörkuð þau svæði innan þjóðgarðsins þar sem þjónusta er veitt að vetrarlagi en það eru Hakið, Almagnagjá og stígar að Þingvallakirkju og Silfru ásamt svæði í kringum þjónustumiðstöðina á Leirum. Veturinn 2015/2016 var um 200 tonnum af sandi og salti dreift á göngustíga þjóðgarðsins til að auka öryggi gesta. Sama vetur voru sett upp 15 færanleg skilti sem vara við stígum þar sem ekki er vetrarþjónusta.

Hreinlætisaðstaða

Í þjóðgarðinum eru nú átta salernishús með um 60 salernisskálur. Síðastliðin tvö ár hefur verið komið upp 24 útisalernum sem standa á helstu áningarstöðum í þinghelginni. Þessi salerni eru einnig opin þegar veður leyfir frá maí og fram í október. Flest salernin eru opin allan sólarhringinn árið um kring nema nýtt salernishús við Hakið þar sem innheimt er þjónustugjald en það er opið frá 09:00 – 20:00 yfir sumartímann og til 18:00 á veturna. Salernishús við þjónustumiðstöðina er opið allt árið.



Veturinn 2015/2016 var um 300 tonnum af sandi og salti dreift til hálkuvarnar á göngustíga þjóðgarðsins.

Þjónustugjöld

Tekið var upp þjónustugjald í nýju salernishúsi við Hakið. Gjaldið rennur til reksturs salernanna og til að standa straum af hreinsun rotþróa.

Vorið 2016 var komið upp greiðsluvélum á helstu bílastæðum við Þinghelgina. Gjaldið er 500 kr. fyrir venjulegar fólksbifreiðar, 750 kr. fyrir bifreiðar með 8 farþega eða fleiri, 1500 kr. fyrir bifreiðar með allt að 19 farþega og 3000 kr. fyrir bifreiðar með 20 farþega eða fleiri.

Veðið leyfi við Þingvallavatn eru seld í þjónustumiðstöðinni á Þingvöllum og kostar 2000 kr. á stöng á dag. Þetta lága gjald er til að gefa sem flestum tækifæri til að veiða í þessu einstaka vatni og njóta náttúrufegurðar þjóðgarðsins. Börn yngri en 12 ára fá að veiða án gjalds í fylgd með fullorðnum. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum hefur verið aðili að Veiðikortinu frá 2005 en það veitir korthafa heimild til veiða í 35 vötnum víðsvegar um landið. Þá er innheimt 1000 kr. þjónustugjald fyrir hvern kafara eða yfirborðskafara í Silfru. Gjaldið er nýtt til að auka öryggi og bæta aðgengi og aðstöðu við Silfru.

Tjaldsvæði

Á Þingvöllum eru tvö megintjaldsvæði, annars vegar við þjónustumiðstöðina á Leirum og hins vegar við Vatnaskot. Tímabilið sem tjaldsvæðin eru opin hefur lengst nokkuð undanfarin ár og þá sérstaklega við Nyrðri – Leirar þar sem hægt er að hafa þjónustuhús fyrir tjaldsvæðið opið allt árið. Veturinn 2016/2017 var í fyrsta skipti boðið upp á aðgengi að sturtu yfir vetrarmánuðina en áður hafði einungis salernum verið haldið opnum. Önnur tjaldsvæði eru opin frá júní og fram í september. Tjaldstæðagjald er 1300 kr. á sólarhring fyrir hvern einstakling. Ekki er greitt fyrir börn yngri en 14 ára og eldri borgarar og öryrkjar greiða hálf t gjald. Árið 2013 hófst innheimta gistináttagjalds og er það 100 kr. á hverja gistieiningu (tjald, húsbíll, fellihýsi o.fl.). Stefnt er að því að bjóða upp á rafmagnstengingu á tjaldstæðinu við Nyrðri – Leirar.

Leigulóðir

Í árslok 2016 voru 79 lóðarleigusamningar í gildi í þjóðgarðinum. Á starfstíma fráfarandi þingvallanefndar frá 2013 voru keyptir til niðurrífs fjórir sumarþústaðir í þjóðgarðinum sem er sami fjöldi og á tímabilinu 2009–2013. Alls hafa verið því keyptir átta þústaðir á sjö árum. Kaupin eru í samræmi við stefnumótun þingvallanefndar frá 2004 og tilmæli UNESCO um að sumarhús víki úr þjóðgarðinum.





Hraunhellur sem meðal annars voru sagaðar úr hraungrýti úr Káraðastíg voru lagðar á hluta svæðisins milli gestastofu og Haksins.

Framkvæmdir

13

Miklar framkvæmdir hafa einkennt síðustu ár í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Þær spanna allt frá hefðbundnu viðhaldi mannvirkja yfir í viðameiri framkvæmdir sem ætlað er að standast álag vegna ferðamanna um ókomin ár. Auk hefðbundins framlags á fjárlögum hafa komið til aukafjárveitingar vegna sértækra verkefna og auknar sértekjur hafa einnig skilað sér til framkvæmda.

Gestastofa við Hakið

Í stefnumótun þingvallanefndar er svæðið við Hakið skilgreint sem eitt af meginanddyrum þjóðgarðsins þar sem þurfi að vera aðstaða sem svarar þörfum ferðamanna. Miklar framkvæmdir hafa verið við Hakið allt tímabilið.

Stækkun gestastofu við Hakið hófst með þarfagreiningu og var þá skilgreind sú starfsemi sem þar þarf að vera til að taka á móti ört vaxandi fjölda fólks. Í stækkaðri gestastofu verður bætt aðstaða til almennrar upplýsingamiðlunar. Þar verður sett upp ný grunnsýning auk þess sem við bætist fjölnota salur fyrir hvers kyns viðburði. Í eldri byggingu sem mun tengjast þeirri nýju verður innréttað kaffi- og veitingahús auk skrifstofuaðstöðu. Heildarflatarmál byggingarinnar eftir stækkun verður um 1277 fermetrar.

Verkið var boðið út sumarið 2016 og bærust þrjú tilboð. Tekið var tilboði Parfapings ehf. upp á rúmar 446 m.kr. Framkvæmdir hófust í lok október 2016 og eru áætluð verklok í júní 2018. Hönnuðir byggingar eru teiknistofan Gláma Kím sem einnig hannaði eldri byggingu. Landslagshönnun og skipulag er á vegum Landslags ehf. en Mannvit ehf. sér um verkfræðihönnun. Framkvæmdasýsla ríkisins stýrir framkvæmdum og annast umsýslu.

Bílastæði og gönguleiðir

Af öðrum framkvæmdum við Hakið á tímabilinu má nefna gerð nýrra bílastæða og gönguleiða við gestastofu. Nýja bílastæðið er fyrir 80 fólksbifreiðar auk akstursleiða og hellu-



Formaður þingvallanefndar og þjóðgarðsvörður við upphaf stækkingar framkvæmda við Hakið.



lagðra göngustíga. Þessi framkvæmd greiddi verulega úr þeirri örtröð fólks- og hópferðabífreiða sem einkennt hafði bílastæðið næst gestastofu undanfarin ár. Einkabílar og minni farartæki nýta nú bílastæði fjær gestastofu en hópferðabílar geta hleypt farpegum út nær henni og hafa stæði undir hópferðabíla einnig verið stækkuð nokkuð.

Samkvæmt samþykktu deiliskipulagi frá 2016 er gert ráð fyrir 300 nýjum bílastæðum fyrir einkabíla vestan við stæðin næst gestastofu. Bílastæðum, sem nú eru nýtt fyrir einkabíla, verður við það breytt í stæði fyrir hópferðabífreiðar.

Nýtt yfirborð var lagt á svæðið milli gestastofu og Haksins. Hraunhellur, sem meðal annars voru sagaðar úr hraungrýti úr Kárastaðastíg, komu í stað gamallar malbiksklæðningar sem var úr sér gengin. Landslag ehf. og VIK ehf. sáu um hönnun, landslagshönnun og verkfræðihönnun. Verktaki við bílastæði var Suðurtak ehf en hraunhellulögn annaðist Kolbeinn Sveinbjörnsson verktaki á Heiðarási í Pingvallasveit og Grásteinn ehf sagaði hraungrýtið.

Útsýnispallurinn á Hakinu, sem upphaflega var smíðaður 2003, hefur nú verið stækkaður en hann er fjölsóttasti útsýnisstaður landsins og var viðbótin nauðsynleg til að tryggja öryggi gesta. Enn fremur var árið 2014 lokið við útsýnispall við Öxarárfoss sem tengist göngupalli um Stekkjargjá. Gláma – Kírm arkitektar og Landslag – landslagshönnun hönnuðu pallinn, verkfræðistofan VIK sá um burðarþolshönnun. Verktakafyrirtækið Pálmatré annaðist smíðina en flytja þurfti allt byggingarefni á staðinn með þyrlu þar sem erfitt var að koma því að með öðrum hætti.

Samkvæmt deiliskipulagi frá 2016 er gert ráð fyrir um 300 nýjum stæðum fyrir einkabíla vestan við svæðin næst gestastofu.





Með því að breikka vegöxlina að gestastofu á Haki bættust við til bráðabirgða 50–60 bílastæði sem nýtt verða þar til ný bílastæði verða gerð samkvæmt nýju deiliskipulagi.

Vegabætur innan þjóðgarðsins

Viðgerðir á Þingvallavegi nr. 36 í gegnum þjóðgarðinn hafa lengi verið á dagskrá þingvallanefndar. Í júní 2015 voru nefndinni kynntar nýjar tillögur Vegagerðarinnar og verkfræðistofunnar VSÓ um viðgerðir á yfirborði vegarins, sem fólu m.a. í sér að laga halla og misfellur og að útbúa öryggisfláa með vegi. Þingvallanefnd féllst á tillögurnar með fyrirvara um að ekki yrði spillt náttúrulegu umhverfi vegarins og að flái og vegrið yrðu sett á hættulegustu vegarkaflana. Í maí 2016 samþykkti þingvallanefnd að nýju áform Vegagerðarinnar um endurbætur á þjóðveginum frá Gjábakka að þjónustumiðstöð á Leirum sem voru fyrirhugaðar í lok sumars 2016. Nefndin féllst á verklýsingar sem kynntar voru af Vegagerðinni og VSÓ verkfræðiráðgjöf. Í september 2016 var þingvallanefnd hins vegar greint frá því að Vegagerðin hefði frestað fyrirhuguðum vegaframkvæmdum.



Nota þurfti þyrlu til að flytja allt efni í útsýnispall við Öxarárfoss.

Frá því að gestastofan við Hakið var opnuð árið 2002 hefur aðstaða starfsmanna þar verið lítil sem engin. Úr því var bætt árið 2015 með nýju húsi þar sem er starfsmannaaðstaða og geymsla fyrir vörur og verkfæri. Húsið var hannað af Glámu – Kím og smíðað af Vörðufelli ehf. Það var flutt tilbúið á staðinn eina stjórnubjarta norðurljósanótt og kættust starfsmenn mjög þegar það var tekið í notkun.



Pinghelgin

Frá árinu 2015 hefur verið unnið að því að afmarka með böndum gönguleiðir niður Almannagjá og áfram að Öxarárfossi og eftir Langastíg. Til að draga úr sjónrænum áhrifum var notað látlaust efni sem lítið ber á. Staurarnir eru úr steypustyrktarjárnri með lykkju efst sem auðvelt er að slá niður og er bandið úr tjörguðu reipi. Þessi lausn er í senn einföld og krefst lítills viðhalds. Staðið hefur til að lagfæra göngustíginn við Flosa- og Nikulásargjá en þegar byrjað var að hrófla við undirlaginu komu í ljós minjar frá konungsheimsókninni 1907. Stefnt er að því að ljúka framkvæmdum vorið 2017. Til að auka öryggi gesta og ekki síst barna var handrið brúarinnar yfir Nikulásargjá/Peningagjá endurbætt en þar hefur verið vinsælt að sjá peninga falla niður í tært vatnið.



Flestar gönguleiðir hafa verið afmarkaðar á látlausan hátt með reipum og járnri og handrið brúarinnar yfir Nikulásargjá endurnýjað.





Þjónustugjald sem innheimt er af þeim sem kafa í Silfru hefur verið nýtt til að bæta aðstöðu og auka öryggi við gjána.

Silfra

Unnið hefur verið að bættu aðgengi fyrir gesti Silfru. Stígar hafa verið breikkaðir og afmarkaðir og stígar og pallar settir þar sem farið er niður í gjána og þar sem gestir stíga upp úr vatninu eftir sundið. Þessar breytingar bæta öryggi gesta. Sumarið 2015 var komið upp salernisaðstöðu til að þjóna umferðinni við Silfru og er fráveitunni veitt í safnþró sem er tæmd vikulega. Bílastæði var malbikað haustið 2016 og komið upp aðstöðu fyrir starfsfólk þjóðgarðsins sem sinnir eftirliti við Silfru.

Stekkjargjá

Sumarið 2015 var göngupallurinn í Stekkjargjá endurnýjaður. Við stekkin, sem gjáin dregur nafn sitt af, var komið fyrir áningarstað. Þar er hægt að njóta útsýnis og fræðast um refsingar sem lagðar voru á fólk í gjánni til forna. Jafnframt var smíðaður útsýnispallur fyrir ofan gjána við Langastíg. Staðurinn gefur gestum gott tækifæri til að horfa yfir Þingvelli og sigdældina til suðurs áður en gengið er að Öxarárfossi.



Áætlað er að opna
endurbætta
þjónustumiðstöð á
Leirum í lok vetrar 2017.



Þjónustumiðstöð

Ferðamönnum hefur fjölgað afar ört og því hefur álag aukist á mörgum stöðum í þjóðgarðinum, þar á meðal við þjónustumiðstöðina á Leirum. Þar hafa þeir safnast saman bæði góða sumardaga og kaldar norðurljósanætur. Af þessum sökum hefur umhverfi þjónustumiðstöðvarinnar látið á sjá. Því var útbúinn göngustígur, komið fyrir stýringum og skjólveggjum til að stýra umferð gangandi gesta um svæðið. Göngustígurinn er um 400 metra langur, liggur umhverfis þjónustumiðstöðina og nýtist meðal annars ferðamönnum sem staldra stutt við. Sett verða upplýsingaskilti við stíginn vorið 2017.

Fráveitur

Gríðarleg fjölgun ferðamanna í þjóðgarðinum og mjög aukin notkun á hreinlætisaðstöðu kallar á úrbætur við hreinsun fráveituvatns. Verkís hf. var falið að skoða fráveitumál í garðinum og setja fram hugmyndir um úrbætur. Leitast var við að finna hagkvæmustu aðferðir við uppbyggingu og rekstur hreinsistöðva í þjóðgarðinum.

Úrbætur

Skólp er einungis um 3% af heildarákomu niturs í vistkerfi Þingvallavatns. Þó er líklegt að með vaxandi ferðamannastraumi geti óhreinsað eða lítið hreinsað skólp hróflað við viðkvæmu vistkerfi vatnsins. Sérlæg um vatnasvið Þingvallavatns og fráveitureglugerð skilgreina losunarmörk fyrir nitur og súrefnismettun fráveituvatns á Þingvöllum. Þau mörk voru höfð til hliðsjónar þegar umfang fráveituhreinsunar á ferðamannastöðum í Þjóðgarðinum var metið. Gert er ráð fyrir að ferðamönnum fjölgi um 90% frá árinu 2015 fram til ársins 2020. Þetta bætist við mikla aukningu síðustu ára en fráveitukerfi við Hakið og þjónustumiðstöðina anna ekki lengur aukinni salernisnotkun og því hefur skólpi verið ekið af svæðinu. Brýn þörf er á úrbótum. Ef fram heldur sem horfir stefnir í að skólplosun við áningastaði á Þingvöllum verði álíka mikil og hjá 740 manna byggð.

Við núverandi aðstæður má búast við að heildarkostnaður við að aka skólpi frá Silfru og úr þinghelginni muni aukast mikið á næstu árum. Þótt fjöldi lítilla útisalerna og langar vegalengdir á milli staða auki kostnað við uppbyggingu fráveitukerfis á þessu svæði er líklegt að sú fjárfesting muni samt svara kostnaði innan fárra ára ef straumur ferðamanna heldur áfram að aukast eins og gert er ráð fyrir. Niðurstöður Verkís eru að strax verði hafinn undirbúningur að uppsetningu hreinsistöðvar innan Þjóðgarðsins á Þingvöllum.



Velheppnað málþing um fráveitulausnir á viðkvæmum svæðum með áherslu á Þingvallvatn var haldið vorið 2015. Tilgangur þess var að fara yfir stöðu mála og fá fram upplýsingar um hvaða lausnir hafa verið notaðar annars staðar við svipaðar aðstæður. Innlendir og erlendir fyrirlesarar deildu reynslu sinni og juku við þekkingu á því hvernig má takmarka niturlosun inn í vistkerfi Þingvallavatns. Málþingið var haldið á vegum Vatns- og fráveitufélags Íslands (VAFRÍ) í samstarfi við Ferðamálaráð, Háskóla Íslands, Orkuveitu Reykjavíkur, Samorku, Umhverfisstofnun og Þjóðgarðinn á Þingvöllum.



Gert er ráð fyrir fyrirhuguðu veitinga- og móttökuhúsi á Hakinu suðvestan við gestastofu.

Veitinga- og móttökuhús á Hakinu

Þingvallanefnd samþykkti á fundi í nóvember 2015 að hefja undirbúning að veitinga- og móttökuhúsi á Hakinu. Þar verður fullbúið vandað veitingahús sem mun bjóða góðan mat og þjónustu auk salar til veislu- og fundarhalda. Gert er ráð fyrir að húsið rísi suðvestan við núverandi gestastofu þar sem fegurð Þingvalla og fjallahringsins nýtur sín. Göngustígar og útsýnisstaðir í grenndinni eiga að tengjast gönguleiðum fram á brún Haksins og niður í Hestagjá, til Hallsins og gamla Valhallarplansins og fram á bakka Öxarár. Aðkoma gesta og rekstur hússins mun nýta þá aðstöðu sem þegar er fyrir hendi á Hakinu þ. á m. bílastæði, aðkomuleiðir, lagnakerfi o.fl.



Hvítí flöturinn neðst til vinstri sýnir fyrirhugaða staðsetningu á veitinga- og móttökuhúsi.



Björgunarsveitarmenn aðstoða ferðamann sem féll niður í sprungu.


Öryggismál

21

Preföldun vetrarumferðar á 4 árum

Tölur Vegagerðarinnar sýna þá miklu aukningu sem orðið hefur á umferð um þjóðgarðinn síðustu ár og er sérstaklega athyglisvert að sjá hve umferð að vetrarlagi hefur þyngst mikið. Frá árinu 2012 til loka árs 2016 hefur tala bíla sem óku daglega um þjóðgarðinn á Þingvöllum að vetrarlagi rúmlega þrefaldast. Á sama tíma hefur bílaumferð á sumrin aukist um 66%. Þetta má lesa úr talningum sem Vegagerðin hefur gert á Þingvallavegi við Gjábakka nálægt Hrafnagjá. Árið 2012 fóru að jafnaði 262 bílar daglega um veginn þarna að vetrarlagi en árið 2016 hafði þeim fjölgað í 861 bíl eða um 230%. Sumarið 2012 óku að jafnaði 1424 bílar um veginn þarna daglega en fjórum árum síðar, sumarið 2016, óku 2362 bílar daglega um garðinn sem er um 66% aukning. Ef tekið er árlegt meðaltal bíla sem óku um þjóðgarðinn allt árið á þessum árum voru þeir að jafnaði 760 á dag árið 2012 en hafði fjölgað í 1475 bíla á dag árið 2016 sem er 94% aukning.

Skráð mál hjá 112 innan þjóðgarðsins á Þingvöllum



Fleiri atvik

Öryggis- og neyðaratvikum í þjóðgarðinum hefur fjölgað á undanförunum árum með vaxandi straumi ferðamanna. Með fleiri ferðamönnum fjölgar einnig þeim sem fara ekki að settum reglum og líkur á óhöppum vaxa. Samkvæmt upplýsingum frá Neyðarlínu/112 fjölgaði skráðum atvikum innan þjóðgarðsins á Þingvöllum frá 2013–2016 úr 10 í 46.

Pótt starfsmenn þjóðgarðsins verði ekki varir við öll atvik, sem tilkynnt eru til Neyðarlínunnar, skynja þeir vel þessa þróun og þurfa sjálfir reglulega að veita gestum þjóðgarðsins fyrstu hjálp, taka að sér vettvangsstjórnun eða bíða á vettvangi eftir aðstoð lögreglu og sjúkrabíls.

Þrátt fyrir að vetrarþjónusta hafi verið aukin til muna kemur það ekki í veg fyrir að ferðamenn geti runnið til í hálku. Helstu gönguleiðir frá Almannagjá að Silfru eru nú ruddar og sandbornar eftir þörfum.

Skjótt skipast veður í lofti.
Undanfarin ár hefur
vegum til Þingvalla ítrekað
verið lokað vegna óveðurs
og ófærðar.



Landvörðum berast reglulega tilkynningar um farþega sem ekki skila sér í rútur. Starfsfólk þjóðgarðsins aðstoðar þá og kemur fólki til hjálpar í slíkum tilvikum. Ósjaldan er ekið með gesti á milli staða í hópferðabífreiðar sem bíða. Þá valda tíð köfunarslys í Silfru vaxandi áhyggjum og eru öryggismál þar til stöðugar skoðunar.

Ófærð

Á undanförunum árum hefur vegum til Þingvalla ítrekað verið lokað vegna óveðurs og ófærðar. Þá breytast gestastofur þjóðgarðsins í biðstöðvar ferðamanna sem komast ekki leiðar sinnar. Við slíkar aðstæður lengja landverðir iðulega vaktir sínar til að aðstoða ferðamenn og miðla upplýsingum. Á óveðursdögum hafa allt að 150 manns leitað skjóls í gestastofum þjóðgarðsins til að bíða af sér veður.

Starfsfólk þjóðgarðsins sækir fyrstuhjálparnámskeið og skyndihjálparbúnaður er uppfærður reglulega. Meðal annars hefur þremur hjartastuðtækjum verið komið fyrir í þjóðgarðinum. Talstöðvarsamskipti þjóðgarðsins fara um Tetrakerfið sem hægt er tengja beint við Neyðarlínu og aðra viðbragðsaðila. Einnig fá valdir starfsmenn beinar tilkynningar frá Neyðarlínu/112 um atvik sem gerast innan þjóðgarðsins.



Skólabörn ásamt landverði í heimsókn í Þjóðgarðinn.

Fræðsla

23

Almenn upplýsingagjöf

Almenn upplýsingagjöf um Þjóðgarðinn og næsta nágrenni hans er veigamikill þáttur í störfum landvarða og annars starfsfólks í Þjóðgarðinum. Flestum fyrirspurnum er svarað í gestastofu og þjónustumiðstöð og af landvörðum. Þjóðgarðurinn heldur úti vefsíðunni thingvellir.is þar sem gestir geta kynnt sér staðhætti, sögu og náttúru svæðisins áður en komið er á staðinn. Þar er einnig miðlað fréttum sem tengjast garðinum. Sumarið 2015 var einnig byrjað að miðla upplýsingum, myndum og fróðleiksmolum á samfélagsmiðlum.

Dagskrá

Fræðsludagskrá Þingvalla hefur verið með nokkuð föstu sniði undanfarin ár. Boðið er upp á göngur um þinghelgina á ensku einu sinni á dag þar sem rætt er um sögu og náttúru Þjóðgarðsins. Landverðir hafa umsjón með þessum göngum. Frá árinu 2001 hefur Þjóðgarðurinn fengið gestafyrirlesara á fimmtudagskvöldum til að fræða gesti og gangandi um þau hugðarefni sín sem tengjast Þingvöllum. Metaðsókn var í eina slíka göngu sumarið 2016 þegar um 400 manns komu til að hlýða á Guðna Ágústsson, fyrrum ráðherra, fjalla um Þingvelli á söguöld og naut hann dyggrar aðstoðar Karlakórs Kjalarness. Þegar tækifæri gefast hafa einstaka fyrirlesarar verið fengnir til að sjá um fræðslu utan fastrar dagskrár.

Ýmsir tónlistarviðburðir hafa að jafnaði verið haldnir í Þjóðgarðinum og má þar meðal annars nefna tónleikaröð sem Einar Jóhannesson hefur boðið upp á í Þingvallakirkju á þriðjudögum í júnímánuði. Á sumrin eru messur í Þingvallakirkju alla sunnudaga og á helstu hátíðisdögum kirkjunnar.

Undanfarin ár hefur Endurmenntun Háskóla Íslands boðið upp á þriggja kvölda námskeið um Þingvelli í samstarfi við Þjóðgarðinn. Þar fjalla sérfræðingar fimm fræðasviða um Þingvelli í ljósi sögunnar, jarðfræðinnar, lífríkis Þingvallavatns, fornminja og heimsminjaskrár.

Metaðsókn var í fræðslugöngu á Þingvöllum sumarið 2016 þegar um 400 manns komu til að hlýða Guðna Ágústsson fyrrum ráðherra fjalla um Þingvelli á söguöld.



Upplýsingaforrit

Haustið 2016 var gefið út smáforrit (app) í samstarfi við Locatify. Forritið veitir gestum aðgang að upplýsingum í rituðu og töluðu máli um helstu staði á Þingvöllum ásamt uppástungum um gönguleiðir og hvar þær er að finna. Í forritinu má einnig nálgast ljóðagöngu þar sem sum fegurstu ljóð þjóðarinnar, sem Njörður P. Njarðvík valdi, eru flutt af Kristjáni Franklín og Sigrúnu Eddu Björnsdóttur.

Skilti og merkingar

Ötullega hefur verið unnið að merkingum og uppsetningu skilta í þjóðgarðinum. Þannig hafa verið settir upp 17 vegvísar í þinghelginni sem voru hannaðir þannig að þeir falla vel inn í umhverfið en eru þó áberandi þegar komið er að þeim. Annetta Scheving grafískur hönnuður og Árni Jón Sigfússon arkitekt hönnuðu skiltin ásamt Einari Á. E. Sæmundsen fræðslufulltrúa þjóðgarðsins. Merking ehf. smíðaði en Kolbeinn Sveinbjörnsson verktaki sá um að setja skiltin upp í samvinnu við starfsfólk þjóðgarðsins.

Fræðsluskilti voru m.a. sett upp í Stekkjargjá, við Kárastaðastíg, Öxarárbrú og Þingvallabæ. Unnið hefur verið að stærri kortaskiltum á upphafsgöngustöðum og von er á fleiri þema-tengdum fræðsluskiltum til viðbótar við þau sem eru á þingstaðnum nú þegar.



Komið hefur verið fyrir vegvísam í þinghelginni sem falla vel inn í umhverfið.



Samtök heimsminjastaða á Norðurlöndum voru stofnuð 2016 í táknrænni útgáfu af hinni fornu Lögrétu á Þingvöllum.

Alþjóðasamstarf

25

Samtök heimsminjastaða á Norðurlöndum stofnuð á Þingvöllum

Stjórnendur heimsminjastaða á Norðurlöndum hafa frá árinu 1995 komið árlega saman til að ræða stjórnun og starfsemi heimsminjastaða. Í september 2016 var ráðstefnan haldin á Íslandi og sóttu hana um 100 gestir frá Norðurlöndum. Ráðstefnan var í Reykjavík en auk þess var farið til Vestmannaeyja vegna Surtseyjar og til Þingvalla, en báðir þessir staðir eru á heimsminjaskrá UNESCO.

Ráðstefnunni lauk á Þingvöllum þar sem stofnuð voru formlega samtök heimsminjastaða á Norðurlöndum. Athöfnin fór fram í táknrænni útgáfu af hinni fornu Lögrétu sem útbúin var á Neðri-Völlum. Hin nýju samtök munu vinna að faglegu samstarfi heimsminjastaðanna og vera vettvangur fyrir kynningu og framgang þeirra. Í samtökunum verða fulltrúar 40 skráðra heimsminjastaða á Norðurlöndunum og eru fleiri tilnefningar í undirbúningi. Stjórn samtakanna er skipuð tíu fulltrúum, tveimur frá hverju landi.

Rýnihópur á vegum heimsminjaskrifstofunnar

Fulltrúar þjóðgarðsins á Þingvöllum voru skipaðir í rýnihóp til að meta nýja stefnu og verkferla um stjórnun ferðapjónustu á heimsminjastöðum sem unnið var að á vegum heimsminjaskrifstofunnar í París. Í rýnihópnum voru einnig fulltrúar 14 annarra heimsminjastaða á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjum. Í dag er stefnan höfð til hliðsjónar og leiðbeiningar við stjórn ferðapjónustu á heimsminjastöðum á vegum heimsminjaráðsins og verkferlana má nýta við stefnumótun í uppbyggingu ferðapjónustu og við endurskoðun hennar.

Raðtilnefning víkingaminja

Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar 2007 tók Ísland að sér forystu fyrir alþjóðlegri raðtilnefningu á minjum frá víkingatímanum á heimsminjaskrá UNESCO. Tilnefndir voru staðir á heimsminjaskránni sem tengjast menningu víkinga í samstarfi við Danmörku, Lettland, Noreg og Slésvík-Holtsetaland í Þýskalandi.

Auk staða sem þegar eru á skránni voru sjö nýir tilnefndir. Hvert þátttökuríki undirbjó sinn þátt í tilnefningunni en verkefninu var stjórnað af verkefnisstjórn sem skipuð var fulltrúum þátttökuríkjanna. Allir staðir sem tilnefndir voru fengu jákvæða umfjöllun ICOMOS sem er faglegur matsaðili fyrir umsóknir um tilnefningu menningarminja. Umsóknin var tekin fyrir á fundi heimsminjaráðsins í Bonn sumarið 2015 sem óskaði frekari rannsókna og taldi æskilegra að stefna að raðtilnefningu fyrir einstök þemu víkingamenningar. Umsókninni var því vísað aftur til þjóðríkjanna sem munu taka ákvörðun um framhald verkefnisins.

Samstarf um sögutengda ferðapjónustu

Pingvellir hafa tekið virkan þátt í Samtökum um sögutengda ferðapjónustu (SSF). Árið 2015 fékk SSF ásamt öðrum aðilum á Norðurlöndum, Hjaltlandi, Bretlandi og Spáni, sem mynda saman Destination Vikings Association (DVA), myndarlegan styrk. Styrkurinn hefur verið nýttur til að stuðla að frekari tengingu milli þessara staða með því að vinna að sameiginlegri farandsýningu, heimsóknum til staða með víkingaarfleifð, fyrirlestrum og útgáfu á efni sem tengist samtökunum.



Google á Þingvöllum

Sumarið 2013 voru tveir myndavélabílar á vegum Google á Íslandi að taka myndir fyrir kortavef Google sem rekur tvær af vinsælustu kortapjónustum á netinu, GoogleMaps og GoogleEarth. Google og UNESCO hafa unnið saman síðan 2009 að mynda heimsminjastaði og hafa margir heimsminjastaðir og þjóðgarðar fengið slíka heimsókn frá Google. Meðal annars má skoða Stonehenge í Englandi, Grand Canyon í Bandaríkjunum, Versali í Frakklandi og fjölmarga aðra staði.

Þjóðgarðurinn gaf leyfi fyrir myndatökum á göngustígum í þinghelginni og víðar um þjóðgarðinn og gekk starfsmaður Google um þinghelgina til að ná helstu göngu- stígum. Myndirnar bjóða upp á marga möguleika til að kynna Þingvöllum með stafrænni tækni en eru aðgengilegar í Google Maps og Google Earth.



Pingvallanefnd, forsætisnefnd Alþingis og forsætisráðherra samþykktu í júní 2014 einróma yfirlýsingu um tengsl Alþingis og þjóðgarðsins á Pingvöllum.

Fullveldis Íslands minnst á Pingvöllum 18. júlí 2018

Í byrjun júní 2014 var haldinn á Pingvöllum fundur forsætisráðherra með fullskipaðri Pingvallanefnd aðal- og varamanna og forsætisnefnd Alþingis þar sem fjallað var um tengsl Alþingis og þjóðgarðsins á Pingvöllum. Mikill samhljómur var á fundinum um þá framtíðarsýn sem ætti að hafa að leiðarljósi við uppbyggingu þjóðgarðsins. Þessi eindrægni átti síðar eftir að birtast í þingsályktunartillögu sem Alþingi samþykkti með öllum greiddum atkvæðum í október 2016. Þá samþykkti Alþingi að minnast þess með hátíðahöldum að árið 2018 verða liðin eitt hundrað ár frá því Ísland varð sjálfstætt, frjálst og fullvalda ríki með sambandslögunum 1918. Haldinn verður hátíðafundur á Pingvöllum 18. júlí 2018 en þann dag fyrir einni öld var samningum um fullveldi Íslands lokið. Þá var ríkisstjórninni falið að efna til hátíðahalda 1. desember 2018 þegar öld verður liðin frá því að sambandslögin öðluðust gildi.

Í þingsályktunartillögu Alþingis var meðal annars ákveðið að kjósa nefnd með fulltrúum allra þingflokka til að undirbúa hátíðahöldin. Pingvallanefnd var falið að ljúka stefnumörkun um framtíðaruppbyggingu þjóðgarðsins á Pingvöllum og að efna til sýningar um sögu Pingvalla og náttúruvar. Jafnframt var ríkisstjórninni falið að efna til samkeppni um hönnun og útlit Stjórnarráðsbyggingar og skipulags á Stjórnarráðsreit.



Krúnuleikar

Í júl 2013 voru atriði hina heimsþekktu sjónvarpsþáttaröð *Game of Thrones* tekin upp á Þingvöllum. Unnið var að verkefninu í samráði við þjóðgarðinn og undir vökulu eftirliti.



Vatnamálaráðherra Kína heimsækir Þingvelli

Chen Lei, vatnamálaráðherra Kína heimsótti þjóðgarðinn í maí 2015. Hann var hér á landi til þess meðal annars að kynna sér samþættingu verndar og nýtingar vatns á Íslandi. Hér er Chen Lei fyrir utan Þingvallakirkju ásamt Einari Á. E. Sæmundsen fræðslufulltrúa þjóðgarðsins og fulltrúa úr fylgdarliði ráðherrans.



Kveðja frá Þingvöllum

Í tilefni af 200 ára afmæli norsku stjórnarskrárinnar í júní árið 2014 var formanni þingvallanefndar og þjóðgarðsverði boðið að sækja hátíðarhöld í Gulapíngi á vesturströnd Noregs. Leiðir Gulapíngs og þjóðgarðsins á Þingvöllum liggja m.a. saman í þingstaðaverkefninu.



Björgunarsveitir þjálfar í Silfru

Silfra er einn vinsælasti köfunarstaður landsins og því er nauðsynlegt fyrir viðbragðsaðila að þekkja þar vel til. Kafarateymi Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins, Landhelgisgæslunnar og Sérsvéitar ríkislögreglustjóra við þjálfun nýliða í Silfru.



Landrekskenningin

Hópur nemenda úr Bláskógaskóla í Reykholti læra um landrekið með því að togast á.



Þúsund sítruðré

Bandaríski listamaðurinn Michael Joaquin Grey ásamt hópi káttra krakka úr Landakotsskóla heimsóttu Þingvelli í upphafi árs 2016 og framkvæmdu gjörning. Gjörningurinn sem nefnist Þúsund sítruðré á Þingvöllum fólst í að listamaðurinn fór á Þingvelli og afhenti börnunum mandarínutré sem þau báru til skiptis þar til komið var á ákveðinn stað við Almannagjá. Þar fengu þau svo að ákveða hvort þau vildu gróðursetja tréð eða taka það með sér heim. Eftir nokkra umhugsun og pælingar ákváðu krakkarnir að taka tréð með sér heim.



Ban Ki-moon í heimsókn

Forsætisráðherra, Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, tók á móti Ban Ki-moon, aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, á Þingvöllum í júlí 2013. Gengið var frá Hakinu, niður Almannagjá og að Þingvallabústaðnum þar sem forsætisráðherra og aðalframkvæmdastjórinn áttu fund. Þjóðgarðsvörður, Ólafur Örn Haraldsson, var til leiðsagnar.

Mýnd: Kári Úlfsson



Flóð í Öxará

Öxarárfoss fagnaði Starfsmannafélagi Þjóðminjasafnsins með miklum flóðum þegar hópurinn kom í vorferð á Þingvelli. Flóð verða í Öxará nokkrum sinnum á ári og breytir fossinn þá um svip.



Mynd: Umhverfisráðuneytið

Umhverfisráðherrar funda

Sigrún Magnúsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra átti í júlí 2016 fund á Þingvöllum með Ségolène Royal, ráðherra umhverfis- og orkumála í Frakklandi. Royal lýsti vilja til að koma á samstarfi íslenskra og franskra aðila á sviði jarðhita og umhverfis- og auðlindaráðherra sagði Ísland styðja metnaðarfullt hnattrænt samkomulag í loftlagsmálum með viðtækri þátttöku ríkja heims.



Framkvæmdastjóri UNESCO í Þingvallakirkju

Í maí 2014 kom Irina Bokova aðalframkvæmdarstjóri UNESCO til Þingvalla. Þar tók á móti henni Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður og kynnti stöðu Þingvalla sem heimsminjastaðar og aðrar áætlanir tengdar uppbyggingu þar. Í Þingvallakirkju sagði frú Vigdís Finnbogadóttir sögu litlu altaris-töflunnar eftir Ófeig Jónsson frá Heiðarbæ í Þingvallasveit og Sigurður Línal rakti sögu þings á Þingvöllum.

Lög og reglur um þjóðgarðinn á Þingvöllum:
Lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 47/2004.
Reglugerð um þjóðgarðinn á Þingvöllum nr. 848/2005.
Lög um verndun vatnasviðs Þingvallavatns nr. 85/2005.
Reglugerð um verndum vatnasviðs Þingvallavatns nr. 650/2006.

www.thingvellir.is

